

Nefndarsvið Alþingis

*Alþingi
Erindi nr. P 138/2350
komudagur 18.5. 2010*

Reykjavík, 17.maí 2010

Varðar: Umsögn Íslenskra getrauna vegna framkomins frumvarps til breytinga á lögum nr. 38/2005 um happdrætti.

Vísað er í bréf yðar dagsett 12.maí 2010.

Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til breytinga á framangreindum lögum. Um er að ræða breytingu refsíákvæði laganna, þ.e. á B-lið, 1. mgr. 11. gr. þeirra og felur breytingin í sér að bann við auglýsingum, kynningu eða miðlun uppiýsinga um happdrætti, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum um happdrætti, taki einnig til starfsemi sem rekin er erlendis.

Íslenskar getraunir fagna framkomu frumvarpi og styður það. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu hefur dómstóll EB í nýlegu máli áréttað rétt aðildarríkja til að banna og stöðva innan sinnar lögsögu, dreifingu á happdrættis- og veðmálastarfsemi í gegnum internetið þótt sú starfsemi sé lögleg í öðru aðildarríki. Um íslenska starfsemi gilda lög og er hún háð leyfum og ströngum skilyrðum. Það er mjög mikilvægt að mati Íslenskrar getrauna, að íslensk lög gildi um alla slíka starfsemi, hvort sem hún sé starfrækt hér á landi eða erlendis. Andstæð regla myndi án efa skekkja samkeppnisstöðu innlendra aðila auk þess sem telja verður það mikilvægt út frá almennum sjónarmiðum um jafnræði á þessu sviði, að sömu reglur gildi óháð því hvort hún er starfrækt hér á landi eða erlendis. Án efa er tilkoma internetsins og auðveldur aðgangur almennings að veðmálastarfsemi á netinu með notkun kreditkorta, meginástæður þess að breyta þarf þessum reglum.

Virðingarfyllst,

ÍSLENSKAR GETRAUNIR



Stefán Konráðsson
framkvæmdastjóri